
N O R Ð F I R Ð I N G U R

1. tölublað 1988

12. árgangur

SÓLARKAFFI

Norðfirðingafélagsins verður haldið í
Safnaðarheimili Bústaðakirkju, sunnudaginn
31. janúar 1988 kl. 15.30 stundvíslega.

Dagskrá: Sólarkaffi með heimabökuðum
sólarpönnukökum á norðfirzka
vísu.

Lárus Sveinsson og dætur mæta
með hljóðfæri sín.

Mætum öll í sólskinsskapi!

Viðtakandi:

*Leippróttur Þinnarss
Bólstaðarhl 66
105 R.*

Aðalfundur Norðfirðingafélagsins var haldinn í Safnaðarheimili Bústaðakirkju 6. desember s.l. Fundurinn var mjög vel sóttur og sátu margir messu í kirkjunni fyrir fundinn.

Mikil jólastemning ríkti á fundinum.

Eftir að samkomur okkar fluttust í Safnaðarheimili Bústaðakirkju fyrir þremur árum hafa veitingar alfarið verið í höndum félagsins og hafa félagskonur brugðist vel við, þegar leitað hefur verið til þeirra með bakstur og framreiðslu á samkomum okkar. Þær brugðust ekki vonum okkar að þessu sinni frekar en fyrri daginn. Borð svignuðu undan krásum þeirra. Þökk sé félagskonum fyrir röska framgöngu. Aðalfundarstörf gengu fljótt og vel fyrir sig eins og jafnan. Stjórn félagsins var öll endurkjörin að þessu sinni, en hana skipa Elsa Christensen formaður, Jón Guðmundsson, varaformaður, Jóhanna Óskarsdóttir ritari, Ólöf Hannesdóttir gjaldkeri og Guðni Stefánsson, Hákon Björnsson og Halldóra Axelsdóttir meðstjórnendur.

Dr. Bjarni Sigurðsson, fyrrv. sóknarprestur á Mosfelli ávarpaði fundinn og var gerður góður rómur að máli hans. Jólakort til fjáröflunar safnaðarheimilis kirkjunnar okkar heima voru til sölu á fundinum eins og svo oft áður og seldust þau upp.

Stjórn félagsins hefur ekki lagt mikið upp úr dagskrá (skemmtiatriðum) á þessum fundum, þar sem fengin reynsla hefur sannað að maður er manns gaman og félagar vilja gjarnan nota tímann til þess að rabba saman og rifja upp gamlar minningar að heiman og það sem á dagana hefur drifið.

Athygli skal vakin á því, að árshátíð félagsins verður haldin laugardaginn 12. mars n.k. að Hótel Loftleiðum, Víkingasal. Stjórn félagsins er þegar farin að huga að skemmtiatriðum fyrir hátíðina og mun sjá um að vandað verði til hennar eftir því sem kostur er.

Hin síðari ár hefði aðsókn að árshátíðum okkar mátt vera nokkru betri og væntum við þess að félagar bregði nú undir sig betri fætinum og fjölmenni á hátíðina að þessu sinni.

Norðfirðingur mun greina frá dagskrá
árshátíðarinnar þegar þar að kemur.

Þeir sem enn eiga ógreidd félagsgjöld eru
hér með hvattir til þess að greiða þau
hið fyrsta.

Að endingu hvetjum við alla félagi til
þess að mæta nú vel á "Sólarkaffið", þar
sem borð munu svigna undan norðfirzkum
sólarpönnukökum og öðru góðgæti og hljómfagrir
tónar óma úr lúðrum Lárusar og
dætra.

Mætum öll í sólskinsskapi!

Norðfirðingur

Útgefandi: Norðfirðingafélagið,
Espigerði 4,
108 Reykjavík.

Ritstjóri: Elsa Christensen